

## Greining á skiltaþörf fyrir ferðamenn í Bolungarvík

Framkvæmda- og kostnaðaráætlun



Hulda Birna Albertsdóttir

Sigurður Friðgeir Friðriksson

Desember 2011  
NV nr. 26-11

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| 1. Inngangur .....                             | 3  |
| 2. Markmið .....                               | 3  |
| 3. Aðferð .....                                | 3  |
| 4. Greiningar .....                            | 4  |
| 4.1 Þarfagreining .....                        | 4  |
| 4.1.1 Könnun sem lögð var fyrir bæjarbúa ..... | 4  |
| 4.2 Svæðisgreining .....                       | 5  |
| 4.2.1 Náttúrustaðir .....                      | 5  |
| 4.2.2 Fornleifar/menning/arfleifð/söfn .....   | 8  |
| 4.2.3 Þjónusta – stofnanir .....               | 9  |
| 4.3 Niðurstöður greininga .....                | 10 |
| 5. Consept (þema/hugmynd) .....                | 12 |
| 6. Hönnun .....                                | 15 |
| 7. Kostnaðaráætlun .....                       | 15 |
| 1. Verkpáttur .....                            | 15 |
| 2. Verkpáttur .....                            | 15 |
| 3. Verkpáttur .....                            | 16 |
| 8. Heimildir .....                             | 16 |
| 9. Myndir .....                                | 16 |

## 1. Inngangur

Menningar- og ferðamálaráð Bolungarvíkur og Náttúrustofa Vestfjarða hafa gert með sér samstarfssamning um að kanna þörf á skiltum fyrir ferðamenn í Bolungarvík.

Upplýsingaskilti eru nauðsynlegt hjálpartæki fyrir ferðamenn jafnt sem íbúa sveitarfélaga til þess að geta notið staðar sem best. Skilti gefa gestum upplýsingar um hvað er hægt að skoða á hverjum stað, hvernig og hvert skal haldið, hvar á að fara og svo framvegis. Ef ferðamenn geta fengið góðar og skýrar upplýsingar um staði eru meiri líkur á að þeir fari ánægðir frá staðnum og kynni hann fyrir næstu ferðamönnum.

## 2. Markmið

Í fyrsta verkhluta verkefnisins er markmiðið að greina þörf á skiltum í Bolungarvík fyrir ferðamenn og íbúa svæðisins. Þegar búið er að greina skiltapörfina er hægt að finna staði þar sem þörf er á upplýsingum fyrir ferðamenn í sveitarfélaginu. Þegar því er lokið er komið með tillögu að þema sem hægt er að nota við hönnun skiltanna.

Í öðrum verkhluta verður farið í nánari hönnun á skiltum og umhverfi þeirra. Sá hluti verður tekinn fyrir í annari áfangaskýrslu.

## 3. Aðferð

Með fyrirfram ákveðnum greiningum er hægt að sjá út hvar þörf er á skiltum fyrir ferðamenn.

Gerð var þarfagreining þar sem markhópurinn var skilgreindur og í framhaldi af því var gerð svæðisgreining þar sem tekið var fyrir allt það svæði sem tilheyrir Bolungarvíkurkaupstað. Svæðið var hlutað niður í minni svæði, sem hugsanlega gætu nýst ferðamanninum. Greindir voru kostir og gallar hvers staðar til þess að fá betri mynd af því hvort svæðið muni nýtast eða ekki fyrir skilti.

Gerð var könnun þar sem bæjarbúar og ferðaþjónustuaðilar svöruðu spurningunni: *Hvar finnst þér þörf á skiltum fyrir ferðamenn í Bolungarvík?*

Úr þessum upplýsingum og greiningum fengust niðurstöður sem hægt er að nota við hönnun og ákvörðun hvar sé þörf á skiltum.

## 4. Greiningar

### 4.1 Þarfagreining


Hverjir verða hugsanlegir notendur skilta sem sett verða upp í Bolungarvík? Þörf fyrir skilti getur verið mismunandi, allt eftir því hver markhópurinn er. Í þessu tilviki er markhópurinn ferðamenn í Bolungarvík. Skiltin geta samt nýst öllum þeim sem eiga leið um svæðin þar sem þau eru. Hér þarf að skoða hvernig ferðamennirnir koma á staðina, koma þeir t.d akandi, gangandi eða hjólandi? Taka þarf tillit til þess við hönnun og staðsetningu skiltanna og hvernig þau geti nýttist öllum ferðamönnum og íbúum sem eiga leið hjá.

Ferðamenn sem heimsækja Bolungarvík koma: á bíl, í rútu, á hjóli og á bátum. Mikil aðsókn er í sjóferðir og fara margir ferðamenn í sjóstangaveiðiferðir og á Hornstrandir með farþegaflutningabátum.

#### 4.1.1 Könnun sem lögð var fyrir bæjarbúa

Sett var fram könnun á samskiptavefnum Facebook þar sem spurt var eftirfarandi spurningar: *Hvar finnst þér þörf á skiltum fyrir ferðamenn í Bolungarvík?* Alls svöruðu 37 manns könnuninni og voru þeir flestir núverandi eða fyrrverandi íbúar Bolungarvíkur. Niðurstaðan var að 67% svarenda fannst að endurbæta ætti upplýsingaskiltið í miðbæ Bolungarvíkur og hafa þar áfram skilti (sjá graf 1). Einn svarenda sagði einnig að bæta mætti við skilti við höfnina fyrir ferðamenn sem koma þar að og setja skilti upp sem bendir á hvar Heilsugæslan er. Annar taldi að merkja þyrfti tjaldsvæðið betur þar sem ferðamenn eiga enn erfitt með að finna það, þrátt fyrir skilti á Höfðastígnum.

Þá var einnig bent á í könnuninni að merkja ætti gönguleiðir á fjöllum fyrir göngufólk. Þessar upplýsingar koma frá bæjarbúum um ýmis vandamál sem ferðamenn hafa rekið



Graf 1. Niðurstöður könnunar á þörf skilta fyrir ferðamenn í Bolungarvík.

sig á við komuna í bæinn. Það gæti breytt niðurstöðum könnunarinnar ef ferðamenn og fleiri ferðapjónar myndu svara henni. Bæjarbúar verða oft blindir á sitt nánasta umhverfi og finnast hlutir sjálfsagðir sem ferðamönnum finnst ef til vill ekki. Reikna þarf með því þegar valin er staðsetning skilta fyrir ferðamenn.

## 4.2 Svæðisgreining

Í svæðisgreiningunni verður allt svæðið skoðað í heild sinni og greint niður í minni svæði. Stöðunum er skipt niður í þrjá flokka: Náttúrustaði, Fornleifar/menning/arfleifð/söfn og Þjónustu/ stofnanir.

### 4.2.1 Náttúrustaðir

Náttúrustaðir eru staðir þar sem hægt er að njóta náttúrunnar, til dæmis með gönguferðum og útsýnisferðum. Fólk er jafnframt að leita eftir fallegu útsýni, landslagi og/eða sögulegu landslagi. Það vill einnig skoða gróður og fugla og njóta útivistar.

#### **Bolafjall**

Leiðin upp á Bolafjall hefur oft verið notuð til göngu- og hjólreiða fyrir útivistarfólk. Ferðamenn keyra upp á Bolafjall og skoða útsýnið yfir Ísafjarðardjúp.

*Kostir:* Fallegt og stórbrotið útsýni.

*Gallar:* Erfitt að komast þangað, sérstaklega yfir vetratímam. Illa sem ekkert kynnt ferðamönnum.

#### **Skógræktin**

Skógræktin hefur útivistargildi fyrir fólk og liggur nú skemmtilegur göngustígur um hana sem tengir Hólinn við efri bæ Bolungarvíkur. Þessi gönguleið er mjög vinsæl hjá bæjarbúum og liggur hún í gegnum svæði með lauftjám, barrtrjám, lúpínubreiðum og graslendi sem gerir leiðina fjölbreytta og skemmtilega.

*Kostir:* Gott útivistarsvæði sem býður upp á marga möguleika í framtíðinni.

*Gallar:* Ekki gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Kemur hvergi fram að það sé gönguleið og hvert hún liggir.

## **Skálavík**

Skálavík er falleg vík og vinsæl ferðamönnum, jafnt sem heimamönnum. Ferðamenn fara þar oft í göngur og skoða náttúrufegurðina og fuglalíf.

*Kostir:* Fallegt svæði með mikla möguleika.

*Gallar:* Illa merkt og illa kynntar leiðir sem hægt er að fara um. Erfiður vegur, mest allt svæðið eignaland.

## **Syðridalsvatn**

Vatnið liggur í botni Syðridals og er mjög vinsælt til veiði og fuglaskoðunar. Þar er einnig mjög fallegt og skemmtilegt landslag.

*Kostir:* Góður veiði og fuglaskoðunarstaður.

*Gallar:* Illa merkt og vegur vondur, ásamt því að erfitt er að leggja bíl þar sem hann er ekki fyrir öðrum.

## **Syðridalsnáma**

Syðridalsnáma er staðsett í botni dalsins. Þar var tekinn surtabrandur til margra ára. Náman er nánast lokuð og ekki hægt að fara inn í hana með góðu móti. Surtabrandur er friðaður í dag. Náman er á Náttúruminjaskrá og flokkast undir „aðrar náttúruminjar“ (Umhverfisstofnun, 2011).

*Kostir:* Fallegt landslag og skemmtilegt umhverfi.

*Gallar:* Er á náttúruminjaskrá og mikill ferðamannastraumur getur farið illa með staðinn. Illa merkt og frekar erfitt að komast að námunni.

## **Óshlíð**

Vegurinn um Óshlíð liggur í snarbrattri fjallshlíð. Hann var aflagður haustið 2010 þegar jarðgöngin voru opnuð. Vegurinn er ennþá til staðar og notar fólk hann til útivistar og fleiri athafna. Fjölbreytt fuglalíf og fallegt landslag.

*Kostir:* Fallegt landslag og gott útivistarsvæði.

*Gallar:* Hættulegur vegur sem er ekki haldið við.

## **Gönguleiðir um fjöll**

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa gert sjö göngukort af Vestfjörðum. Eitt þeirra sýnir gönguleiðir í Bolungarvíkurkaupstað. Á kortinu koma fram gönguleiðir milli Syðridals og Hnífsdals, yfir Hádegisfjall, yfir í Selárdal í Súgandafirði, upp að Reiðhjalla, yfir Gönguskarð

og Bakkaskarð. Ekki er um merktar leiðir að ræða á þessu korti en fólk fær GPS staðsetningarhnit á kortunum sem það getur nýtt í gönguferðunum hafi það GPS staðsetningartæki (sjá kort 1)(Ferðamálasamtök Vestfjarða, á.á).

*Fjölskyldan á fjallið* er landsverkefni UMFÍ og liður í verkefninu *Göngum um Ísland*. Settir eru upp póstkassar með gestabókum víðsvegar um landið. Sumarið 2011 var Ekkjuskarð skráð í verkefnið (Ungmennafélag Íslands, 2011). Ekkjuskarð er í rúmlega 500 m hæð á milli Tungudals og Syðridals. Uppi á Ufsum er einnig gestabók þar sem fjallgöngufólk getur kvittað í.

*Kostir:* Fjölbreytilegar gönguleiðir sem merktar eru fyrir útivistarfólk.

*Gallar:* Getur verið erfitt að leiðbeina fólki svo það fari nákvæmlega réttar leiðir á fjöllum svo það lendi ekki í háska.



Kort 1. Kort fengið af vefsíðunni ganga.is sem sýnir gönguleiðirnar sem flestar eru tilgreindar á göngukortum Ferðamálasamtökum Vestfjarða (Ungmennafélag Íslands, 2011).

## Gönguleiðir um Bolungarvík

Ef til vill væri hægt að kortleggja gönguleiðir sem fólk gæti nýtt sér í bæjarfélaginu. Til dæmis göngustíginn á Hólssandi og fleiri gönguleiðir sem falla inn í aðra flokka sem fjallað er um í þessari skýrslu.

*Kostir:* Bætir upplýsingar um hvað er hægt að gera í Bolungarvík og kynnir þá staði þar sem búið er að leggja vinnu í fyrir gangandi vegfarendur.

*Gallar:* Engir sérstakir.



#### 4.2.2 Fornleifar/menning/arfleifð/söfn

Þessi flokkur tekur allt það fyrir sem flokkast undir fornleifar, menningu, arfleifð mannsins og söfn sem eru í Bolungarvík.

#### **Snjóflóðavarnargarður**

Snjóflóðavarnargarðurinn verður skemmtilegur staður til að skoða þegar hann verður tilbúinn. Lagður verður göngustígur um hann svo fólk geti notað hann sem útivistarsvæði og útsýnisstað.

*Kostir:* Skemmtilegt og öðruvísi útivistarsvæði. Gott útsýni yfir Bolungarvík.

*Gallar:* Gæti verið vindasamt í umhverfi varnargarðsins.

#### **Hafnarsvæðið**

Margir ferðamenn eiga leið um höfnina í Bolungarvík vegna sjóstangaveiða og Hornstrandaferða en eflaust skoða fleiri ferðamenn lífið á höfninni. Ferðamenn sem nýta höfnina sem viðkomustað þurfa að hafa góðar upplýsingar nálægt sér. Staðurinn hentar einnig til skoðunar á sjófuglum. Ferðamenn sem nýta höfnina þurfa að hafa góðar upplýsingar nálægt sér.

*Kostir:* Hefur marga möguleika sem hægt er að nýta fyrir ferðamenn.

*Gallar:* Lyftarar og flutningabílar þurfa að athafna sig á hafnarsvæðinu og geta ferðamenn orðið fyrir þeim, ef þeir vara sig ekki.

#### **Hólskirkja**

Kirkjan í Bolungarvík er falleg og er ákveðið kennileiti sem stendur á Hólnum. Ferðamenn eru áhugasamir um kirkjuna en hún geymir sögu sóknarstarfs í Bolungarvík.

*Kostir:* Fallegt hús með mikla og skemmtilega sögu.

*Gallar:* Ferðamenn geta truflað athafnir í kirkjunni, svo sem brúðkaup, jarðarfarir og skírnarveislur. Getur valdið vonbrigðum fyrir báða aðila sem eiga þar í hlut.

#### **Söfn í Bolungarvík**

Þrjú söfn eru starfrækt í Bolungarvík. Náttúrugripasafnið er opið allan ársins hring og geta ferðamenn með auðveldum hætti heimsótt það alla virka daga. Ósvör er opin allt sumarið en hægt er að fá að heimsækja það safn eftir samkomulagi allt árið. Sýningarreitir Grasagarða Vestfjarða getur einungis verið sýningarhæfur á sumrin, en er opin allan sólahringinn,



gestum endurgjaldslaust. Grænlandssetrið er ekki virkt setur, og hefur verið sett á ís í einhvern tíma.

*Kostir:* Fjölbreytt afþreying fyrir ferðamenn.

*Gallar:* Ferðamenn hafa ekki fyrir því að kalla til safnvörð til að opna Ósvör yfir vetratímamann. Grasagarðarnir ekki opnir á veturnar.

### **Gólfvöllur Bolungarvíkur**

Í Bolungarvík er níu holu gólfvöllur sem allir þeir sem hafa áhuga á geta nýtt sér. Gólfvöllurinn er staðsettur á uppgræddum sandi sem gerir umhverfi hans skemmtilegt og fjölbreytt.

*Kostir:* Skemmtileg íþrótt fyrir alla.

*Gallar:* Þurfa að hafa gólfsett með sér ef þeir ætla að nýta þjónustuna.

#### 4.2.3 Þjónusta – stofnanir

Ferðamenn geta nýtt sér þjónustu sem bæjarfélagið hefur upp á að bjóða. **Sundlaug Bolungarvíkur** er vinsæll viðkomustaður fyrir ferðamenn á öllum aldri. **Tjaldsvæðið** er staðsett fyrir aftan sundlaugina og þar er salernisaðstaða, vaskar og rafmagn fyrir ferðamenn.

Tvær matvörubúðir eru á staðnum, **Samkaup** og **Bjarnabúð**, þar sem hægt er að kaupa ýmsan varning. Ferðamenn geta keypt handverk og minjagrip í **Drymlu** og **Náttúrugripasafni Bolungarvíkur**. Þeir geta sent póstkort og tekið út pening í **Sparisjóði Bolungarvíkur** og tekið bensín og keypt ýmsan varning á **Orkuni** og **Olís**. Hægt er að fá sér kaffi og aðrar veitingar í **Einarshúsi**, **Vaxon** og hjá **Verslunargeira**. Einnig geta þeir farið í snyrtingu og hárgreiðslu í **Mánagulli** og **Hárstofunni**. **Heilsugæsla Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í Bolungarvík** og **Lyfja** eru staðsett á Höfðastígnum og geta ferðamenn þurft að nýta þá þjónustu. Gististaðirnir eru þónokkrir í Bolungarvík: **Gistiheimilið Gil**, **Systrablokkinn**, **Mánafell**, **Vaxon**, **Einarshúsið** og ef til vill fleiri.

*Kostir:* Eins og sjá má hér að framan er margt hægt að gera í Bolungarvík og er hægt að segja að það sjálfbær ferðamannastaður, sem sagt staðurinn getur staðið undir þjónustu fyrir ferðamann án þess að fá hjálp frá öðrum sveitarfélögum.

*Gallar:* Ferðamenn sem hingað koma vita oft ekki hvað er í boði og nota þess vegna ekki þjónustuna.

### 4.3 Niðurstöður greininga

Markhópurinn sem ná þarf til með skiltum eru ferðamenn í Bolungarvík en skiltin geta einnig nýst fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þegar ferðamaður heimsækir staði sem þeir þekkja ekki er lykilatriðið í heimsókn hans að ferðast um hann og fræðast. Í niðurstöðum skoðanakönnunarinnar kom fram að núverandi og fyrrverandi bæjarbúum finnst flestum nauðsynlegt að hafa upplýsingaskilti þar sem það er í dag, en endurbæta það. Aðrir svöruðu að það væri gott að hafa það þar sem fólk kemur inn í bæinn, en aðrir vildu hafa það á fleiri stöðum. Hægt væri að taka alla þessa möguleika inn í myndina og hafa grunn upplýsingaskilti þar sem upplýsingaskiltið er í dag og minni skilti þar sem ferðamaðurinn á leið um, til dæmis við höfnina.

Niðurstaðan úr svæðisgreiningunni er að skipta á skiltum niður í: eitt stórt skilti sem allar grunnupplýsingar fyrir ferðamenn eru staðsettar og minni skilti á fleiri stöðum um bæjarfélagið. Á stærra skiltinu gætu komið fram eftirfarandi staðir:

- Bolafjall
- Skógræktin
- Skálavík
- Syðridalsvatn
- Syðridalsnáma
- Óshlíð
- Snjóflóðavarnargarður
- Höfnin
- Hólskirkja
- Náttúrugripasafn Bolungarvíkur
- Grasagarðar Vestfjarða
- Ósvör
- Gólfvöllinn
- Gönguleiðir um Bolungarvík
- Sundlaug Bolungarvíkur
- Tjaldsvæðið
- Samkaup
- Bjarnabúð
- Drymla
- Sparisjóður Bolungarvíkur
- Orkan og Verslunargeiri
- Olís og Ob
- Einarshús (Matur og gisting)
- Vaxon (Matur og gisting)
- Snyrtistofan Mánagull
- Hárstofan
- Heilbrigðisstofunun Vestfjarða í Bolungarvík (Heilsugæslan)
- Lyfja
- Gistiheimilið Gil
- Mánafell
- Systrablokkinn

Minni skilti gætu verið á fleiri stöðum um bæjarfélagið þar sem nánari upplýsingar eru:

**Höfnin.** Hér gætu verið upplýsingar um þjónustuna í sveitarfélaginu og þá ferðaþjónustu sem býður upp á gistingu og bátsferðir yfir á Hornstrandir og fyrir sjóstangaveiði.

**Skógræktin.** Hér gætu verið upplýsingar um skógræktina og þær gönguleiðir sem eru um hana.

**Skálavík.** Hér gætu verið upplýsingar um Skálavík, gönguleiðir, minjar, fugla og hvaðeina sem ferðamaðurinn vill vita um staðinn. Náttúrustofan hefur fengið styrk til að gera náttúruminjakort fyrir Skálavík sem gæti nýst sem viðbót við skilti.


**Syðridalur.** Hér gæti verið skilti um fugla- fiska- og dýralífið sem er þar er að finna. Hægt væri að segja frá sögu Þuríðar Sundafyllis, surtabrandstökunni í Syðridalsnámu og fleira sem viðkemur sögu Bolungarvíkur og menningu.

**Ósvör.** Skilti sem sýnir mynd af Ósvör við gatnamótin hjá göngunum. Annað skilti hjá Ósvör sem koma fram myndir og upplýsingar um sjósókn fyrri tíma og hvernig aðstæður voru hjá fólki. Þetta skilti mun undirstrika og gefa safninu meiri dýpt og auka skilning gesta.

**Fjallgönguleiðir um sveitarfélagið** (gæti verið hvar sem er). Skilti sem sýnir fjallgönguleiðir á fjöllum í nágrenni sveitarfélagsins.


Til þess að ýta undir það að fólk staldri við hjá þessum upplýsingum verður að vera eitthvað meira í kring um skiltið – umgjörð, sem fær fólk til að sjá það að þarna á fólk að staldra við og kynna sér það sem er á skiltinu. Oft þarf ekki mikið til.

## 5. Consept (þema/hugmynd)



Mynd 1. Grunnþema.  
SFF

Þegar niðurstöðurnar úr greiningunum liggja fyrir er hægt að fara snúa sér að hugmyndavinnu og grunnþema. Til þess að vekja athygli á upplýsingaskiltum er talið að þörf sé á áningastöðum. Hugmyndin er að nota vörðu sem “merki” hvers áningarstaðar (mynd 1 og 3). Varðan hefur vísað okkur veginn um aldir og þannig minnir hún upplifandann á að áningastaðurinn er vegvísir (mynd 2). Áningarstaðirnir geta verið misstórir, allt eftir hvort um mikið af upplýsingum eða lítið er að ræða. Til dæmis gætu minni skiltin verið staðsett á vörðunni eða á trjábolum (sjá mynd 4 og 5).



Mynd 2. Stærri áningarstaður (í miðbæ Bolungarvíkur) gæti lítið svona út. SFF.

Manngerðir hlutir í náttúrunni geta verið forvitnilegir og er varðan einn sá hlutur sem finna má víða á Íslandi. Hér áður fyrr hlóðu menn grjót upp í vörðu sem var notuð sem vegvísir um fjöll og óbyggðir. Hún átti að sýna skil á milli bújarða eða benda á siglingaleiðir meðfram ströndum. Varðan nýttist til þess að rata rétta leið um óbyggðir. Við áningastað þurfa ekki endilega að vera hefðbundnir bekkir (sjá mynd 5 og 6), heldur geta hlutir úr nær umhverfi nýst t.d. til hvíldar. Fjölbreytt stærðarlögun á stökum (tjádrumbum) við nýja svæðið geta hentað vel fyrir mismunandi aldurshópa.



Mynd 3. Dæmi um vörðu. (Ferlir.is, á.á)



Mynd 4. Dæmi um minni áningarstaði. SFF.

Lagt er til að byggð verði stór upplýst varða sem tekur á móti fólki þegar það kemur út úr Bolungarvíkurgöngunum. Sú varða er táknerki allra minni varðanna sem staðsettar eru við ákveðna staði víðsvegar um sveitarfélagið. Varðan getur orðið „vörumerki“ (signature) Bolungarvíkur og væri hægt að búa til minjagripi úr vörðu merкта Bolungarvík.



Mynd 5. Dæmi um minni áningarstaði. SFF.




Mynd 6. Hugmynd af áningarstað. SFF.



Hægt væri að rækta upp kvæmi plantna sem vaxa villt í náttúrunni. Á vissum stað í Ísafjarðardjúpi vex Þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*). Einnig vex Ilmbjörk (*Betula pubescense*), Ilmreynir (*Sorbus aucoparia*) og Gulvíðir (*Salix phylicifolia*). Hægt væri að skoða samstarf við Grasagarða Vestfjarða hvað það varðar.

Hugmyndin er að staðsetja áningastaði þannig að aðgengi sé gott. Haft verður í huga að aðgengi til og frá bílastæði verði gott og að fólk sem á erfitt með að komast ferða sinna komist með góðu móti að áningastöðunum.

Við áningastaði verður lögð áhersla á að efnisnotkun verði í tengingu við náttúruna. Notaðir verða hlutir (stök) sem tengjast nærliggjandi náttúru, menningu og arfleifð sveitarfélagsins, þannig er hægt að auka náttúrulegt og menningarlegt vægi. Á tilteknu svæði er hugmyndin að nota náttúrulega hluti úr sveitafélaginu til að virkja öll skynfæri upplifandans. Með tilfærslu t.d. gróðurs er möguleiki á að færa vistkerfi inn á svæðið svo hann minni sem mest á náttúru úr fjarska.



Mynd 6. Bekkir gætu litið svona út. SFF.

Hægt væri að nota aðferð sem hefur verið notuð í birtingu upplýsinga til ferðamanna. Það er að upplýsa fólk um símanúmer sem það hringir í og fær það upplýsingar úr símsvara um viðkomandi stað. Þetta gæti nýst fyrir sögulegar upplýsingar og upplýsingar sem eru á fræðilegu sviði. Þetta gæti til dæmis átt við uppi á Bolafjalli, inn í Syðridal og á fleiri stöðum. Hægt væri líka að nútímavæða þetta enn meira og setja þær upplýsingar í App. App eru forrit sem þú hleður inn í gegn um internetið í Android farsíma og oft þarf fólk að greiða fyrir forritið en líka hægt að fá það frítt.

## 6. Hönnun

Í verkþætti tvö verður tekin fyrir niðurstaða hönnunar á skiltunum/áningarstöðunum út frá greiningum og þema.

Til þess að fá aukið fjármagn í verkefnið gæti sú aðferð nýst að láta fyrirtækin í bænum borga fyrir auglýsingu á skiltinu. Það hefur sína kosti og galla.

## 7. Kostnaðaráætlun

Fyrsta verkþætti er lokið en hann var framkvæmdur árið 2011 (tafla 1). Annar Verkþáttur verður framkvæmdur árið 2012 (tafla 2), en ekki hefur verið ákveðið hvenær þriðji verkþáttur verður framkvæmdur.

### 1. Verkþáttur

Tafla 1. Kostnaður fyrsta verkþáttar sem framkvæmdur var árið 2011.

| Verk:                         | Ein:  | Fjöldi: | Samtals:           |
|-------------------------------|-------|---------|--------------------|
| Greiningarvinna               | 3.300 | 30      | 99.000             |
| Hönnunarþema og hugmyndavinna | 3.300 | 20      | 66.000             |
| Prentun                       | 30    | 40      | 1.200              |
| <b>Samtals</b>                |       |         | <b>166.200 kr.</b> |

### 2. Verkþáttur

Tafla 2. Áætlaður kostnaður annars verkþáttar sem framkvæmdur verður 2012.

| Verk:                   | Ein:  | Fjöldi: | Samtals:          |
|-------------------------|-------|---------|-------------------|
| Skissu og hugmyndavinna | 3.300 | 16      | 52.800            |
| Teikning og hönnun      | 3.300 | 140     | 462.000           |
| Frágangur og útfærsla   | 3.300 | 16      | 52.800            |
| Prentun pappír          | 30    | 30      | 900               |
| Bensín                  | 122   | 20      | 2.440             |
| <b>Samtals:</b>         |       |         | <b>570.940 kr</b> |
|                         |       |         |                   |



### 3. Verkbáttur.

Framkvæmd verksins. Þessi þáttur verður byggður á niðurstöðum úr verkþætti 2.

Náttúrustofan getur tekið þennan verkþátt að sér og fundið aðila sem framkvæma verkið.

### 8. Heimildir

Umhverfisstofnun. 2011. *Náttúruminjaskrá*. Sótt á vef þann 22.12.2011

<http://eldri.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra/nr/297>

Ungmennafélag Íslands. 2011. *ganga.is*. Sótt á vef þann 22.12.2011 <http://www.ganga.is/kort/>

Ferðamálasamtök Vestfjarða (á.á). *Göngukort -Vestfirðir & Dalir*. Mælikvarði 1:100 000.

### 9. Myndir

Forsíðumynd: Böðvar Þórisson. 2011. *Bolungarvík*.

Sigurði Friðgeir Friðrikssyni. 2011. *Myndir 1,2,4,5,6*.

Ferlir.is. á.á. *Skógfellavegur*. Sótt á vef þann 22.12.2011 <http://www.ferlir.is/?id=7391>